

## Fundargerð stjórnar SOS nr. 292

**Staður:** Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi & Teams fjarfundur

**Dagsetning og tími:** 22. apríl 2020 kl. 15:00.

Mætt voru: Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Anton Kári Halldórsson (AKH) í fjarfundi, Ingibjörg Kjartansdóttir (IK), Arna Ír Gunnarsdóttir (AÍG) í fjarfundi og Gísli Halldór Halldórsson (GHH) í fjarfundi. Þá mætti á fundinn Stefán Gíslason (SG) í fjarfundi,.

### 1. Neyðaráætlun SOS um förgun úrgangs v/Covid 19.

Stjórn SOS samþykkir framlagða Neyðaráætlun um förgun úrgangs vegna Covid-19 með lítisháttar breytingum eftir umræður á fundinum.

### 2. Viðbragsáætlanir gámafélaga vegna afsetningar á úrgangi

Formanni var á síðasta fundi falið að kalla eftir viðbragðsáætlunum frá þeim aðilum sem þjónusta sveitarfélög innan SOS, þar sem lýst væri hugsanlegum atvikum sem upp gætu komið og hvaða viðbrögð væru þá fyrirhuguð. Svör þjónustuaðila voru lögð fram á fundinum. Formanni falið að koma þeim á framfæri við sveitarfélögin.

### 3. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi

SG gerir grein fyrir stöðu mála.

Frummatsskýrsla vegna hræbrennslu á Strönd er í raun tilbúin og mati gæti lokið í september. Kostnaður fjárfestingar gæti aukist nokkuð vegna sjálfhreinsibúnaðar og gengisbreytinga. Stefán vinnur málið áfram með Sorpstöð Rangæinga.

Formanni falið að vera í sambandi við Formann stjórnar Sorpstöðvar Rangæinga um viðbrögð og samskipti við Umhverfisstofnun vegna vandamála vegna afsetningar dýrahreja. .

Formanni falið að ræða við móttökuaðila úrgangs um færar leiðir til urðunar, sér í lagi á grófum úrgangi, í náinni framtíð.

Stjórn samþykkir að næsti fundur stjórnar verði haldinn klukkan 15:00 þann 26. maí næstkomandi.

Fundi slitið klukkan 16:00